

Sp.

774. Tillaga

til þingsályktunar um uppsögn gildandi samkomulags um viðskiptamál og verzlunar- og siglingasamningum milli Íslands og Noregs.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að segja upp gildandi samkomulagi um viðskiptamál og verzlunar- og siglingasamningum milli Íslands og Noregs í síðasta lagi 1. desember 1933.

Greinargerð.

Samkomulag það um viðskiptamál við Noreg, er staðfest hefir verið á yfirstandandi þingi af ýmsum ástæðum, þykir svo óhagfellt, að ekki verður við það unandi til frambúðar.